



Nefndarsvið Alþingis
Utánríkismálanefnd,
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. nóvember
2010
EBG/hó

Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins, á 139. löggjafarþingi, þskj. 93 – 88. mál
Tilv. 2010110011

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. nóvember.

Það er ljóst að hinar svokölluðu samningaviðræður Íslands við Evrópusambandið eru komnar á aðlögunarstig og að hafist hefur verið handa við að breyta íslenskum rétti til samræmis við reglur Evrópusambandsins. Þjóðin hefur ekki fengið tækifæri til þess að taka afstöðu til þess hvort hún hafi áhuga á því að aðlaga sig að rétti annarra ríkja. Þá fer fjarri að þessar meintu samningaviðræður hafi verið kynntar með þeim hætti eins og raunin um þær varð og er. Þingmeirihluti fyrir samþykkt þingsályktunartillögu um að sækja um aðild að Evrópusambandinu var tæpur og samþykkt hennar hlýtur að vera ómarktæk miðað þær nýju upplýsingar sem liggja fyrir nú. Það er því eðlilegt að íslenska þjóðin fái að segja hug sinn til fyrirhugaðs aðlögunarferlis áður en því er í raun lokið.

Bændasamtökin mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar. Til áréttingar er hjálögð umsögn þessari yfirlýsing Búnaðarþings 2010 um aðildarumsókn að ESB.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur

Búnaðarþing 2010

Mál nr. 17

Aðildarumsókn að ESB

Yfirlýsing Búnaðarþings 2010

Búnaðarþing 2010 ítrekar andstöðu sína við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þingið lýsir fullum stuðningi við áherslur Bændasamtakanna og felur stjórn BÍ að gæta áfram hagsmuna bænda í hvívetna, vera áfram leiðandi í umræðu um áhrif ESB aðildar á landbúnað og byggja áfram á faglegri þekkingaröflun. Þingið brýnir jafnframt alla bændur og aðra velunnara íslensks landbúnaðar að taka þátt í umræðunni af fullum þunga.

Efnisleg rök Bændasamtakanna gegn aðild hafa ekki verið hrakin. Verði aðild að ESB að veruleika mun störfum í landbúnaði og tengdum greinum fækka stórlega en það leiðir til mikillar röskunar í byggðum þar sem landbúnaður er undirstaða atvinnu. Aðild mun einnig hafa verulega neikvæð áhrif á fæðu- og matvælaöryggi landsins. Þorri landsmanna er sammála bændum. Það endurspeglast í nýrri skoðanakönnun Capacent sem leiðir í ljós að rúm 84% þjóðarinnar telja að það skipti öllu eða miklu máli að vera ekki öðrum þjóðum háð um landbúnaðarafurðir. Aðildarumsókn Íslands að ESB skapar mikla óvissu í starfsumhverfi landbúnaðarins og dregur þróttinn úr nauðsynlegri endurnýjun og framþróun þann langa tíma sem umsóknarferlið mun standa. Í ljósi alls þessa er farsælast að stjórnvöld dragi aðildarumsóknina nú þegar til baka.

Ástæða er til þess að hafa miklar áhyggjur af hvernig stjórnvöld halda á hagsmunum þjóðarinnar í umsóknarferlinu. Íslensk stjórnsýsla er undirmönnuð og vanbúin til að takast á við þetta verkefni eins og m.a. er vikið að í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands. Athyglisvert er að í áðurnefndri skoðanakönnun Capacent treystir aðeins ríflega fjórðungur þjóðarinnar stjórnvöldum vel til þess að halda á hagsmunum Íslands í þessu máli. Eins telur Búnaðarþing ekki fullreynt að ná megi samkomulagi við ESB um samstarf í efnahags og peningamálum á grundvelli EES samningsins.

Búnaðarþing telur að fulltrúar samtakanna í samningahópum stjórnvalda þurfi að starfa þar áfram undir formerkjum þeirra varnarlína sem stjórn BÍ kynnti á formannafundi sl. haust. Áframhaldandi þátttaka í samningahópum felur ekki í sér ábyrgð á samningaferlinu.